



279. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 22. mars 2012 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Ástmar Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Hjörleifur K. Hjörleifsson, varamaður HKH
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Ástmar Hannesson setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 483 dags. 15.03.2012.

Liður 1 fundargerð Safna-og menningarmálanefnd, dags. 24.janúar 2012. Fundargerð framlögð og samþykkt. Bæjarstjórn tekur undir óskir nefndarinnar með hamingjuóskir til bæjarbúa með nýtt orgel í Stykkishólmskirkju.

Liður 3 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar dags. 12.3.2012 (147. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Frúarstígur reitur B, deiliskipulagsbreyting og uppbygging á lóð.

Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Skipavíkur ehf, að breyta reit B á skipulagi miðbæjar til samræmis við innsendar teikningar af tveggja hæða húsi með risi. Í húsinu er gert ráð fyrir tveimur íbúðum, með aðkomu frá Frúarstíg og Skólastíg, sbr. teikningar dags. 8.02 2012.

Nefndin hafnar innsendri teikningu sem er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag. Jafnframt leggur nefndin til að deiliskipulagi verði breytt á þann veg, að gert verði ráð fyrir einu húsi á lóðinni.

Samþykkt að fresta afgreiðslu á teikningu, samþykkt að láta breyta deiliskipulagi, þannig að gert verði ráð fyrir einu húsi á lóðinni.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Til máls tók: LÁH

Liður 2 Skólastígur 22, lóðarréttindi.
Lagt fram bréf frá Kolbrúnu Garðarsdóttur hdl. f.h. Svövu Gunnarsdóttur vegna skerðingu á lóð við Skólastíg nr. 22.
Erindi vísað til byggingarfulltrúa.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Hafnargata 2a, breyta neðri hæð í veitingahús og staðsetja skilti.
Magnús Örn Tómasson sækir um f.h. Ocean safari að breyta neðri hæð Hafnargötu 2a úr íbúðarhúsnæði, í veitingahús og að staðsetja fánaborg og skilti við húsið, sbr. umsókn dags. 02.03.2012.
Erindi samþykkt. Staðsetning og útfærsla á fánaborg og skilti verði unnin í samráði við byggingarfulltrúa.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GS, LÁH, HKH, EE og ÍHS

Fundargerð samþykkt.

Liður 24 bréf Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 06.03.2012 varðandi aðalfund LS ohf.

Framlagt. Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri fer með atkvæði Stykkishólmsbæjar á aðalfundi Lánasjóðs sveitarfélaga 2012.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 26 bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24.02.2012 varðandi XXVI. landsþing Sambandsins.

Framlagt. Lárus Ástmar Hannesson og Guðlaug Ágústadóttir varamaður mæta á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, ásamt Gyðu Steinsdóttur bæjarstjóra.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 bréf Umf.Snæfells, k.knd. varðandi niðurfellingar á leiguskuld deildarinnar.

Samþykkt að fela bæjarstjóra að svara erindinu. Davíð sat hjá vegna tengsla.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Davíð, Egill og Hjörleifur sátu hjá vegna tengsla.

Liður 28 bréf Örebro Föreningsråd, dags. 08.02.2012 varðandi fyrsta boð til forystufundar 2012 í Örebro.

Bæjarstjórn afþakkar gott boð Örebro á leiðtogaráðstefnu. Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.

Til máls tóku: GS og LÁH,

Liður 29 samningur um rekstur tjaldsvæðisins í Stykkishólmi.

Samningur framlagður og samþykktur með áorðnum breytingum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 30 gjaldskrá fyrir Eldfjallasafn.

Samþykkt að hækka gjaldskrá Eldfjallasafns, aðgangseyrir fyrir fullorðna fari í 800 kr. úr 700 kr. Aðgangseyrir fyrir hópa í 600 kr. en var 500 kr.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 32 lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga - skammtímalán framlenging.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar veitir Gyðu Steinsdóttur, kt. 040570-5199, bæjarstjóra hér með heimild til að framlengja skammtímalántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 60.000.000 kr. Heimildin gildir til 31. maí 2012.

Liður 33 gjaldskrá tjaldsvæðis 2012.

Gjaldskrá tjaldsvæðis

Tillaga um gjaldskrá fyrir sumarið 2012

	VAR 2011	TILLAGA 2012
15 ára og yngri	frítt	frítt
16 ára og eldri	kr. 900	1.000
Ellilífeyrisþegar /öryrkjar		600
Rafmagn	kr.600	700
<u>Tilboðspakkar</u>		
Þriggja daga dvöl	kr. 1.800	2.000
Sex daga dvöl	kr. 3.600	4.000
Viku dvöl	kr. 4.050	4.500

Tillaga samþykkt.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 34 bikarmeistarar kvenna í unglingsflokk.

Bæjarstjórn óskar Umf. Snæfelli til hamingju með bikarmeistaratitil í unglingsflokk kvenna.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 24.01.2012.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.
- 2.2. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 05.03.2012.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: GJÁ, GS og LÁH

- 2.3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 12.03.2012.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:20

Þór Örn Jónsson